

2017 - 2018

Dugnaðurinn skín í gegn

24. janúar 2018 - Jónas E. Ólafsson



Nemendur gerðu heitan brauðrétt í heimilisfræðitíma hjá Sollu í morgun. Urðum að smella af mynd af þeim. Einnig fylgja myndir af sama hóp úr náttúrufræðitíma hjá Gurru. [Sjá myndir.](#)

Eru rafrettur hættulegar?

19. janúar 2018 - Jónas E. Ólafsson

Eru rafrettur hættulegar?

Björg Eyþórsdóttir hjúkrunarfræðingur og mastersnemi í heilbrigðisvísindum við Há, ætlar að fjalla um skaðsemi og áhættur sem fylgja því að nota rafrettur. Björg mun meðal annars fjalla um rannsóknir á rafrettum og nauðsyn þess að setja lög um sölu á stikum búnaði.

Opinn fyrirlestur, hvetjum alla til að mæta, sérstaklega foreldra ungmenna!

Mánudaginn 22. janúar
Grunnskóla Eskifjarðar kl. 20:00



Mánudaginn 22. janúar, kl. 12.30 verður nemendakynning fyrir 8. - 10.b. á Fáskrúðsfirði. Leggjum af stað frá skólanum kl. 12.00.

Kynning fyrir foreldra/forráðamenn verður svo á Eskifirði (sjá auglýsingu).

Rafsígarettur hafa verið til sölu hér á landi síðustu ár en fyrstu rafsígarettur komu á markað fyrir um tíu árum. Könnun sem gerð var árið 2015 sýndi að 2,5% fullorðinna sögðust nota rafsígarettur, aðeins færri karlar 2% en konur 3%. Það sem vekur athygli er að hlutfallslega fleiri 15 ára börn (25%) hafa prófað rafsígarettur en fullorðnir einstaklingar (5%). Það vekur ugg því rannsóknir sýna að börn sem fíkta við rafsígarettur eru líklegri til að byrja að reykja venjulegar sígarettur.

Jólakvöld

14. desember 2017 - Jónas E. Ólafsson



Jólakvöldið fór fram í gær. Góð mæting var meðal nemenda og forráðamanna þeirra. Spilaður var Ólsen-Ólsen með útsláttarfyrirkomulagi. Sigurvegari kvöldsins var hann Emil af miðstigi. Hann stóð af sér allar árásir og endaði með vinninginn. Að þessari keppni lokinni var boðið upp á súkkúlaði og piparkökur, áður en vinningaflóðið byrjaði. Spilaðar voru 12 umferðir af Bingó og voru þar ýmsir góðir vinningar í boði. Þar tók stærsta vinninginn, hann Bergsveinn af elsta stigi. Hann meira að segja þurfti að draga ásamt tveimur öðrum, en hann dró bara ásinn af öryggi og vann stóra Machintosh (Quality Street). Gefendur vinninga voru Brekkan og Fiskmarkaður Austurlands. Kunnum við þeim bestu þakkir!

Snúðar

04. desember 2017 - Björgvin Valur Guðmundsson



Það er ekki laust sem skattinn heldur.

Hér má sjá leikritið Snúða sem sett var upp á árshátíð Stöðvarfjarðarskóla þann 30. nóvember:

Árshátíðin

04. desember 2017 - Jónas E. Ólafsson



Ferðamennirnir

Árshátíðin fór fram s.l. og tókst mjög vel. Nemendur stóðu sig með þrýði og var þar enginn undanskilinn. Hér má sjá [nokkrar myndir](#) úr förðunarherberginu.

Árshátíðin

29. nóvember 2017 - Jónas E. Ólafsson



Förðun frá fyrra ári

Árshátíð Stöðvarfjarðarskóla verður haldin fimmtudaginn 30. nóvember kl. 18.00, en þá verður leikritið „Snúðar, eða sagan af því þegar fjandinn varð laus og andskotinn hitti ömmu sína“ eftir Björgvin Val Guðmundsson. Allir nemendur grunnskólans taka þátt og allir starfsmenn hafa komið að undirbúningi. Nemendur hafa æft reglulega í 2-3 vikur og við hvetjum að sjálfsgöðu sem flesta til að koma og skemmta sér með okkur. Aðgangseyrir er 1.000 krónur fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir grunnskólanemendur. Innifalið í verðinu eru veitingar sem ferðahópurinn töfrar fram af alkunnri snilld.

Allir velkomnir

Árshátíð frestað!

10. nóvember 2017 - Jónas E. Ólafsson



Frá æfingu í fyrra

Vegna ýmissa óviðráðandi orsaka, ætlum við að færa árs hátíð okkar til 30. nóvember n.k. Á skóladagatali var hún áætluð þann 16. nóv. og færum við hana því um 2 vikur. Nemendur fengu handritið í hendurnar í gær og er vinnan hafin á fullu.

Svartur dagur 2. nóvember 2017

02. nóvember 2017 - Solveig Friðriksdóttir



Nornablóð

Í morgun mættu svartklæddar verur í skólann og sumar hverjar ansi skuggalegar í framan.

Kennsla hófst klukkan átta að venju og í nestispásunni var boðið upp á nornadrykk með svörtum ormum (og hluta af nornahendi) ásamt tanngómum, moldarkökum, nornafingur og

blóð í tilraunaglasí. Nemendur og starfsfólk var ánægt með þessa tilbreytingu og gerðu kræsingunum góð skil.

Eftir nestispásu var nemendum og starfsfólki boðið upp á svart nammi á bókasafninu og hlustuðu á upplestur á sögunni Djákninn á Myrká.

Eftir það hélt starfið áfram samkvæmt áætlun. Klukkan sex síðdegis verður draugagangur í Nýgræðingi og allir eru hvattir til að mæta og láta hræða úr sér líftóruna.

Myndirnar [hér](#) eru ekki fyrir viðkvæma.

Dagar myrkurs

01. nóvember 2017 - Jónas E. Ólafsson



Í tilefni "Daga myrkurs" verður eftirfarandi m.a. á dagskrá hjá okkur í skólanum fimmtudaginn 2. nóv:

Svart nammi í bókasafni, draugasaga í bókasafni, nornafingur og svartur drykkur fyrir nemendur, vasaljósanotkun í leikskóla o.fl. Síðar um daginn verður draugaganga í skógræktinni kl. 18.

Eftir draugagöngu er tilvalið að fara á Balaborg, með 500 krónur og njóta góðgæta þar (sjá dreifimiða).

Allir að mæta í svörtu í skólann á morgun!

Vetrarfrí og starfsdagur

24. október 2017 - Jónas E. Ólafsson



Vetrarfrí verður dagana 26. - 27. okt. og starfsdagur mánudaginn 30. okt. Þessa daga verður því frí hjá nemendum.

Starfs- og skipulagsdagur verður mánudaginn 30. okt. hjá leikskólanum og því lokað þann dag.

Heimsókn í Skaftfell á Seyðisfirði

19. september 2017 - Solveig Friðriksdóttir



Þann 4. september síðastliðinn fór miðstigi skólans ásamt nemendum miðstigs á Breiðdalsvík til Seyðisfjarðar.

Nemendur tóku þátt í fræðsluverkefni Skaftfells þar sem útgangspunkturinn var listaverkið Tvísöngur eftir Lukas Kühne og er staðsett í hliðum Seyðisfjarðar. Nemendur fengu fræðslu og ræddu m.a. þrívídd og rými, tvívídd og flöt og endurvarp og sveiflumyndun hljóðs. Einnig hvernig þessar sveiflur mynda oft samhverft munstur t.d. eins og munstur á yfirborði vatns við hreyfingu.

Þegar komið var upp í listaverkið Tvísöng, léku nemendur sér með hljóð og upplifðu hvernig hljómurinn breytist inni í listaverkinu. Þeir blésu upp blöðrur og létu þær svífa um loftið meðan hópurinn söng ákveðið lag. Vindurinn stríddi þeim aðeins og sumar flugu út í buskann.


Næst var fræðsla og verkefnavinna í Skaftfelli og að lokum fengu þau leiðsögn um sýningu í sýningarsalnum. Hópurinn snæddi pizzu áður en lagt var af stað heim á leið.

Allt gekk þetta ljómandi vel og listakonurnar höfðu á orði hvað það væri skemmtilegt að vinna með svona flottan og góðan hóp.

[Hér er hægt að skoða myndir úr þessari ferð](#)

Starfsdagur á föstudag

06. september 2017 - Jónas E. Ólafsson



Starfsdagur leik- og grunnskólastarfsmanna verður haldinn föstudaginn 8. sept. Leikskóla- og grunnskólakennarar fara á Norðfjörð og starfsmenn AFLS fara á Reyðarfjörð.

Veraldarvinir í heimsókn

30. ágúst 2017 - Jónas E. Ólafsson



Ítalir

Í dag komu 15 veraldarvinir í heimsókn í skólann. Þeir eru á aldrinum 15 - 17 ára og báðu um að fá að hitta eldri nemendur skólans. Þeir höfðu útbúið plaköt og kynntu landið sitt fyrir okkur. Löndin voru Ítalía, Þýskaland, Kanada, Holland og Belgía. Eftir kynninguna var spurt nánar út í ýmislegt á báða bóga. Að kynningu lokinni var farið með hópinn um skólann og voru gestirnir mjög hissa á hve skólinn væri flottur og vel tækjum búinn. Áttu ekki til orð. Góð heimsókn og skemmtileg.

Sundkennsla haustið 2017

30. ágúst 2017 - Jónas E. Ólafsson



Eins og venjulega sameinuðumst við Breiðdælingum í sundkennslunni. Að þessu sinni fór kennslan fram á Breiðdalsvík og sá Steinþór íþróttافرæðingur um kennsluna.

Öll grunnskólabörn í Fjarðabyggð fá gjaldfrjáls námsgögn

25. júlí 2017 - Jónas E. Ólafsson



Bæjarráð Fjarðabyggðar samþykkti mánudaginn 24. júlí að veita öllum grunnskólabörnum í Fjarðabyggð nauðsynleg námsgöng þeim að kostnaðarlausu frá og með haustinu 2017.

Gjaldfrjáls námsgögn styðja við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar hafa staðfest aðild sína að og Fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar.

Umjónarkennarar munu halda utan um námsgögn hvers bekkjar og þau verða aðgengileg nú í skólabyrjun.

Með bestu kveðju

Þóroddur Helgason

Fræðslustjóri Fjarðabyggðar

Hafnargata 2, 730 Fjarðabyggð

Sími: 470 9027, GSM: 860 8331, Fax: 470 9001

Netfang: thoroddur.helgason@fjardabyggd.is